

Föstudaginn 30. september 1994.

Nr. 397/1994.

Kristján Knútsson

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. september 1994, sem barst réttinum 13. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. ágúst 1994, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um endurupptöku meðferðar á kröfu um gjaldþrotaskipti á búi hans, en gjaldþrotáúrskurður gekk um kröfuna 7. júní 1994. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., sbr. q-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdóm að endurupptaka málið.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Krafa varnaraðila um gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila er reist á árangurslausu fjárnámi hjá sóknaraðila 10. september 1993. Úrskurður um töku bús sóknaraðila til gjaldþrotaskipta var kveðinn upp, eftir að sóknaraðili hafði fallið frá því að halda uppi vörnum gegn kröfu um gjaldþrotaskipti. Hefur sóknaraðili fært þau rök fyrir endurupptöku málsins, að þótt beina heimild fyrir endurupptöku sé ekki að finna í lögum nr. 21/1991, sé unnt með vísan til meginreglu réttarfars um málsforræði aðila að heimila slíkt, þar sem báðir málsaðilar hafi beiðst endurupptöku málsins.

Samkvæmt 4. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991 má afturkalla kröfu um gjaldþrotaskipti, þar til úrskurður gengur um hana fyrir héraðsdómi. Í XII. kafla laganna, 72.–74. gr., er að finna almennar reglur um þýðingu gjaldþrotaskipta, en þær bera með sér, að úrskurðurinn hefur einn út af fyrir sig veigamikil áhrif að lögum gagnvart þrotamanni og þriðja manni þegar eftir uppkvaðningu og án tillits til, hvort innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna hafi þegar birst. Ákvæði

154. gr. gjaldþrotaskiptalaga segir fyrir um, að þrotamaður geti fengið eignir búsins afhentar á nýjan leik eftir lok kröfulýsingarfrests með samþykki skiptabeiðanda og annarra, sem hafa lýst kröfum í þrotabúið. Af þessu svo og forsögu núgildandi reglna er ljóst, að frá uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti og þar til kröfulýsingarfresti við skiptin er lokið, gildir almenn regla einkamálaréttarfars um málsforræði ekki að því leyti, að aðilarnir geti sammælst um endurupptöku á meðferð kröfu um skiptin til að fá þau felld niður. Að þessu athuguðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. ágúst 1994.

I.

Með bréfi, sem barst dóminum 12. júlí 1994, hafa Ásdís Rafnar hdl. f. h. Iðnaðarbanka Íslands hf., kt. 650169-3019, Lækjargötu 12, Reykjavík, og Páll Arnór Pálsson hrl. f. h. Kristjáns Knútssonar, kt. 060646-2289, Lækjarási 8, Reykjavík, farið þess á leit, að mál nr. G-1477/1993: Krafa Iðnaðarbanka Íslands hf. um, að bú Kristjáns Knútssonar verði tekið til gjaldþrotaskipta, verði endurupptekið til niðurfellingar þess.

Með bréfi, dags. 5. ágúst 1994, synjaði dómari um endurupptöku málsins, og með bréfi, sem barst dóminum 19. ágúst 1994, krefst Páll Arnór Pálsson hrl. þess f. h. Kristjáns Knútssonar, að kveðinn verði upp formlegur úrskurður um synjunina.

II.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 29. október 1993, hefur Ásdís J. Rafnar hdl. f. h. Iðnaðarbanka Íslands hf. krafist þess, að bú Kristjáns Knútssonar verði tekið til gjaldþrotaskipta. Var sú beiðni tekin fyrir á dómþingi 12. janúar 1994. Í því þinghaldi mótmælti skuldari beiðni um gjaldþrotaskipti, og í framhaldi af þeim mótmælum var þingfest sérstakt ágreiningsmál, sbr. 1. mgr. 168. gr. laga nr. 21/1991. Var því máli síðan frestað að ósk beggja aðila til 25. janúar 1994 og að nýju til 8. febrúar 1994 og enn að nýju til 22. febrúar 1994. Í því þinghaldi lýstu aðilar yfir, að greinargerðir yrðu ekki lagðar fram, þar sem varnaraðili félli frá því að halda uppi vörn um í málinu, og var krafa um gjaldþrotaskipti tekin til úrskurðar í því þinghaldi og úrskurður um, að bú Kristjáns Knútssonar væri tekið til gjaldþrotaskipta, kveðinn upp 7. júní 1994 og skiptastjóri skipaður.

Í öllum framangreindum þinghöldum mætti aðili sjálfur nema í þinghaldi 25. janúar sl., en þá boðaði lögmaður hans forföll, og í þinghaldi 12. janúar var lögmaður hans mættur með honum.

III.

Í bréfi lögmannanna er krafan um endurupptöku á því reist, að gjaldþrotabeiddandi hafi enga fjárhagslega hagsmuni lengur af því, að bú gerðarþola verði tekið til gjaldþrotaskipta. Hann sé ólöglærður og hafi ekki gert sér grein fyrir gildi frests, sem veittur hafi verið í síðasta þinghaldi málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Jafnframt benda þeir á, að þótt ekki sé til að dreifa beinni lagaheimild til endurupptöku máls sem þessa eftir úrskurð héraðsdómara, telji aðilar, að sanngirnissjónarmið leiði til þess, að endurupptaka megi málið, enda hafi innköllun ekki verið auglýst í Lögbirtinga- blaði og úrskurður ekki orðinn skuldbindandi gagnvart þriðja aðila. Vísa þeir til meginreglu réttarfars um málsforræði aðila og telja ekki stætt á öðru en taka til greina beiðni um endurupptöku málsins, sbr. og til hliðsjónar 5. mgr. 138. gr. laga nr. 91/1991. Verði að ætla, að aðilar máls hafi rýmri heimildir til endurupptöku saman en úrskurðarþoli einn skv. 4. mgr. 96. gr. sömu laga. Jafnframt benda þeir á, að úrlausn fulltrúa dómstjóra sé úrskurður, en ekki dómur, og gefi það eitt möguleika til endurupptöku.

IV.

Í lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. eru aðeins ákvæði um endurupptöku gjaldþrotaskipta, þegar skiptum er lokið, og eru heimildir til endurupptöku takmarkaðar við ráðstöfun eigna, og skal skiptastjóri viðkomandi þrotabús endurupptaka skiptin, ef því er að skipta.

Í XXIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði er fjallað um endurupptöku útivistarmáls í héraði. Í því máli, sem hér um ræðir, var ekki um að ræða útivist af hálfu skuldara skv. skilgreiningu 96. gr. laganna um útivist stefnda. Verður því ekki byggt á þeim ákvæðum einkamálalaga, sem fjalla um endurupptöku útivistarmáls.

Í bréfi lögmanns Kristjáns Knútssonar kemur fram, að þar sem aðili sé ólöglærður, hafi hann ekki gert sér grein fyrir gildi frests, sem veittur hafi verið í síðasta þinghaldi. Ekki verður séð af bókun í þingbók, að veittur hafi verið frestur í síðasta þinghaldi um málið, enda málið tekið til úrskurðar þann dag og því ekki um neinn frekari frest að ræða, enda engin lagaskilyrði til slíks. Auk þess kemur fram í bókun í þingbók, að aðila hafi verið leiðbeint.

Samkvæmt 85. gr. laga nr. 21/1991 skal skiptastjóri án tafar eftir skipun sína gefa út og fá birta innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna. Dráttur á því

breytir í engu þýðingu þess, að upp hefur verið kveðinn úrskurður um gjaldþrotaskipti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, eru ekki lagaskilyrði til endurupptöku málsins, og geta sanngirnissjónarmið ein út af fyrir sig ekki réttlætt slíkt. Er því hafnað kröfu Kristjáns Knútssonar um, að mál nr. G-1477/1993 verði endurupptekið.

Við uppkvaðningu úrskurðar þessa hefur verið höfð hliðsjón af 2. mgr. 138. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991.

Greta Baldursdóttir, fulltrúi dómstjóra, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Kristjáns Knútssonar þess efnis, að mál nr. G-1477/1993 verði endurupptekið, er hafnað.
